

Ed.

33. Tillaga

til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Efri deild ályktar að skipa 5 manna nefnd til að athuga og koma fram með tillögur um aukið eftirlit með fjárheimtum og reikningsskilum þeirra embættis- og sýslunarmanna, er hafa á hendi innheimtur opinberra gjalda og meðferð þeirra á því fje. Sömu leiðis skal nefndin athuga, hvort ekki sje tiltækilegt, að setja á fót sjerstaka tollgæslu í öllum kaupstöðum landsins og leggja tillögur sínar um það fyrir deildina.